

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2000

Bókasafnsstjórn: Dóra Birna Jónsdóttir, formaður, Guðfinna Bogadóttir, varaformaður, Magnea Böðvarsdóttir, ritari og A. Ingibjörg Grétarsdóttir meðstjórnandi.

Starfsfólk

Stöðugildi á bókasafninu eru 1,75 og gegnir Margrét Rebekka Gísladóttir starfi forstöðumanns og yfirbókavarðar í heilli stöðu og Sigurbjörg Bjarnadóttir er bóka-vörður í 75% stöðu.

Safnkostur

Bókakostur er rúmlega 12.500 bindi (var aukinn um rúmlega 360 eintök á árinu), auk tímarita (titlum fjölgað í áskrift, eru nú um 40), nokkurra hljóðbóka, myndbanda og snælda. Rafræn gögn eru nú tæplega 270 eintök í allt, ef með eru taldar þær hljóm-plötur (um 100) sem til eru. Ein tölva er til almenningsnota og er vonast til að auka nokkuð við tölvudiska-eign safnsins á næsta ári, en hún er nánast engin enn sem komið er.

Þjónusta

Afgreiðslutími var lengdur síðasta vetur, svo hægt væri að hafa opið líka fyrir hádegi (kl. 10-12) frá þriðjudegi til föstudags. Nú er því tvennskonar afgreiðslutími, þ.e. vetrartíma (sept.- apríl) með 32 tíma opið á viku (opið á laugardögum frá kl. 10-12) og sumartíma (maí - ágúst), með 22 tíma á viku (lokað á laugardögum).

Eldri borgarar fá bækur til sín á „spiladögum“ í safnaðarheimilinu, annan hvern fimmtudag yfir veturinn.

Bókasafn Grindavíkur hefur sett sér þá stefnu að auka þjónustu við framhalds-skólafólk. Nú stendur yfir tilraun með námsbókasafn, og er reynt að hafa sem flestar námsbækur samkvæmt bókalista

Fjölbrautarskóla Suðurnesja til hér á safninu. Bækurnar eru lánaðar út í skemmri tíma en aðrar bækur eða í tíu daga. Hægt er að framlengja lánstíma ef enginn bíður eftir viðkomandi bók.

Reynt verður að styðja betur við bakið á þeim sem stunda háskólanám og fjarnám, með því að auka handbókakost safnsins eins og unnt er, en það gæti tekið nokkurn tíma og er í raun verk sem verður aldrei lokið. Var farið fram á aukið framlag vegna þessa í fjárhagsáætlun næsta árs.

Útlán

á árinu voru tæplega 11.500 eintök og jukust því nokkuð frá síðasta ári, eða um tæplega 1.300 eintök. Skáldsögur voru tæplega 6000, barnabækur rúmlega 1500, fræðslubækur, ævisögur og bækur um ýmis efni voru tæplega 3000 og um 1000 tímarit, hljóðbækur, myndbönd og snældur fóru í útlán á árinu.

Safngestir

Lánþegar eru nú rúmlega 1400 á skrá, og hefur því hver lánþegi fengið að jafnaði 8-9 bækur lánaðar á árinu.

Talning var gerð í nóvember 2000, á komum safngesta í eina viku (allir taldir, hvort heldur þeir komu til að lesa blöðin, taka bækur eða bara með fyrirspurnir), komu að meðaltali 28 menn, konur og börn, hvern dag, þá viku, sem er nokkuð rólegra en að jafnaði. Til samanburðar eru hér tölur frá einni viku í janúar 2001, en þá komu um 39 manns á dag. Mun talningu verða haldið áfram, til þess að fá betri hugmynd um notkun safnsins.

Barnadeildin

hefur tekið nokkrum breytingum, m.a. voru keyptir púðar fyrir börnin að sitja á (þegar lestrarstundir verða teknar upp), og nokkur tuskudýr svona til að fá hlýlegri heildar-svip. Í maí (2000) var leitað til myndlista-kennara Grunnskólans og athugað hvort 7 og 8 ára krakkar væru ekki til í að teikna nokkrar myndir fyrir barnahornið okkar og var vel tekið í það. Svo margar myndir bárust að við urðum að fá að setja margar þeirra upp á ganginum fyrir framan safnið til þess að geta haft þær allar uppi á meðan á menningardögum stóð í byrjun júní. Núna skreyta nokkrar þeirra veggina í barnahorninu og víðar á safninu.

Norræna bókasafnsvikan

stóð yfir dagana 13.-19. nóvember. Þema vikunnar voru norræn börn og barnabók-menntir, voru þær gerðar meira áberandi á safninu en endrarnær þessa daga. Þann 13. nóvember las Harpa Guðmundsdóttir, kafla úr *Emil í Kattholti* eftir Astrid Lindgren, og þann 16. nóvember, á *Degi Íslenskrar tungu*, komu þrjú 12 ára börn, þau Aron Ómarsson, Björgvin Logi Daníelsson og Guðrún Gunnarsdóttir og lásu sitt hvorn kaflann upp úr nýrri íslenskri barnabók: *Leikur á borði*, sem höfundur hennar Ragn-heiður Gestsdóttir hafði nýlega fengið íslensku barnabókaverðlaunin fyrir. Gestum var boðið upp á hressingu báða dagana.

Jólabókaflóðið

var meira núna en síðasta ár og var sú nýbreytni tekinn upp hér á safninu að lána bækurnar út um leið og þær voru skráðar inn í kerfið í stað þess að geyma þær, þar til milli jóla og nýárs, eins og hefð hafði skapast fyrir. Mæltist það vel fyrir hjá lánþeg-um og ásókn í nýju bækurnar var góð svona rétt fyrir jólin.

Grindavík, 18. janúar 2001

Margrét Gísladóttir forstm.